

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2021
UST202103-169/F.T.
04.01

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir - lögum um mat á umhverfisáhrifum - 562.mál

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 4. mars sl. þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (menntun og eftirlit), 562. mál.

Í frumvarpinu eru ýmsar breytingar lagðar til, bæði á sviði hollustuhátta sem og mengunareftirlits. Umhverfisstofnun telur þær breytingartillögur sem birtast í frumvarpinu almennt jákvæðar en telur rétt að koma með ábendingar er varða 3. gr. frumvarpsins.

Í 3. gr. er lagt til að breyting verði gerð á 1. mál. 1. mgr. 34. gr. laganna er varðar umhverfisupplýsingar. Í gildandi lögum er kveðið á um að rekstraraðili atvinnurekstrar sbr. viðauka I-IV, sem hefur í för með sér losun mengandi efna, skuli skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá hverri starfsstöð með rafrænum hætti eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr. Sú breyting sem lögð er til er að í stað þess að einungis sé kveðið á um skil á upplýsingum um losun mengandi efna frá hverri starfsstöð, skuli rekstraraðili skila upplýsingum um losun mengandi efna frá hverri starfsstöð, *hráefnanotkun, magntölur úrgangs og öðrum upplýsingum sem stofnunin telur þörf á til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.*

Stofnunin telur, eftir nánari skoðun, ekki þörf á því að vísað sé sérstaklega til *hráefnanotkunar og magntalna úrgangs* í 34. gr. en þó mikilvægt að fram komi að stofnunin geti óskað eftir þeim upplýsingum sem stofnunin telur þörf á til að sinna lögbundnu hlutverki sínu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

Nú þegar er lagaákvæði um skil á upplýsingum um magntölur úrgangs í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. 19. gr. laganna. Upplýsingar um hráefnanotkun er hluti af upplýsingum sem stofnunin telur þörf á til að sinna lögbundnu hlutverki sínu sbr. þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu. Stofnunin telur því óþarfi að tilgreina *hráefnanotkun og magntölur úrgangs* í 34. gr. laganna. Stofnunin telur mikilvægt að

lágmarka skörun og tvítekningar í lögum og byggir þessi athugasemd á þeim rökum. Stofnunin vísar einnig til 3. mgr. 62. gr. laga nr. 7/1998 í þessu samhengi, þar sem fram kemur að eftirlitsskyldum aðilum sé skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna.

Í athugasemdum við 3. gr. kemur fram að með breytingartillögum sé stefnt að því að einfalda stjórnsluna, auka skilvirkni og bæta gæði opinberrar þjónustu með því að sem flestum þeim umhverfisupplýsingum sem rekstraraðilar þurfi að skila árlega til Umhverfisstofnunar verði skilað rafrænt á samræmdan hátt. Fram kemur að ljóst sé að skýrsluskil rekstraraðila og yfirferð stofnunarinnar yrði einfölduð með því að koma sem flestum upplýsingum á sama stað. Umhverfisstofnun tekur undir framangreind sjónarmið en telur því markmiði ekki náð með breytingu á reglugerð eða lögum einungis.

Mikilvægt að benda á að forsenda þess að því markmiði verði náð sem stefnt er að, þ.e.a.s. að einfalda skil og auka skilvirkni, sé sú að komið verði á fót rafrænum gagnagrunni sem rekstraraðilar geti skilað umræddum upplýsingum í. Mikilvægt er að slíkur gagnagrunnur verði tekinn í gagnid sem fyrst til að ná þessum markmiðum.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri